

Áherslumál stjórnar starfsárið 2025-2026

Samkvæmt lögum FFR er tilgangur félagsins m.a. að efla kynni félagsmanna og kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum, þ.m.t. kjaramálum, stuðla að fræðslustarfi meðal félagsmanna og fylgjast með og fjalla um álitamál sem upp kunna að koma fyrir hönd forstöðumanna.

Áherslumál stjórnar FFR starfsárið 2025-2026 taka mið af tilgangi félagsins samkvæmt lögum um félagið og eru þessi:

Félagsstarf og fræðslufundir

- Finna leiðir til þess að efla félagsstarfið og tengslin milli félagsmanna og hvernig best megi hvetja félagsmenn til þátttöku.
- Fræðslufundir um málefni líðandi stundar.
- Kynningar stofnana; heimsóknir á stofnanir.
- Samstarf um morgunverðarfundir við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við HÍ.

Starfsumhverfi og kjaramál

- Fylgja eftir bréfi FFR til stjórnvalda í tilefni af álitsgerðum dr. Hafsteins Dan Kristjánssonar prófessors við lagadeild HR um starfsumhverfi forstöðumanna.
- Gera könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna.
- Fylgja eftir endurmati á grunnmati starfa. Frammistöðumat.
- Tryggja aðkomu forstöðumanna að vinnu við breytingar á stofnanakerfi ríkisins.
- Skoða launaþróun forstöðumanna.
- Samtal um breytingar á starfsmannalögum.

Stuðningur við forstöðumenn

- Styrkja samvinnu og samtal við Stjórnendasetur ríkisins, s.s. um styrkari tengsl fagráðuneyta og stofnana; móttöku nýrra forstöðumanna, samræmda grunnaðstoð við forstöðumenn og Mentora kerfi sem stuðlað getur að auknu faglegu samtali og samvinnu milli forstöðumanna.
- Fylgja eftir bréfi FFR til dómsmálaráðuneytis um öryggismál stofnana og forstöðumanna.